

Reykjavík, 31. október 2018

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8—10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13. mál.**

UMFÍ er afar jákvætt í garð frumvarps um aðgerðaráætlun stjórnvalda fyrir árin 2019—2022 sem ætlað er að styrkja stöðu barna og ungmenna á Íslandi og efla heilsu þeirra. Sérstakt ánægjuefni er að sjá að aðgerðaráætlun á að vera tímasett og fjármögnuð. Það tryggir framgang áætlunarinnar og mun líklegra að hún skili árangri en ella. Samráðshópur er jafnframt líklegri til árangurs.

## Mikilvægt að vinna saman

Heilsuefning er mikilvæg nú sem aldrei fyrr. Við hjá UMFÍ höfum talað fyrir bættu mataræði og lagt áherslu í ræðu og riti á heilbrigðara fæðuúrval samhliða heilsuefningu með ýmsu móti.

Afar ánægjulegt er að sjá í tillögunum samvinnu við frjáls félagasamtök og sveitarfélög um bætt aðgengi allra barna og ungmennum að íþrótt- og félagsstarfi, ekki síst þeim sem búa við veikan fjárhag eða tilheyra jaðarhópum í samfélaginu.

Innan UMFÍ eru 29 sambandsaðilar og rúmlega 340 íþróttafélög um allt land sem sinna félagsmönnum sínum. Möguleiki er að efla samstarf við íþróttafélögin og styðja með þeim hætti betur við framgang aðgerðaráætlunar stjórnvalda um allt land með ýmsum verkefnum sem kallast á við aðgerðaráætlunina.

## Heilsuefning er forvörn

Besta forvörnin felst í heilsuefningu og góðum fyrirmyndum. UMFÍ stendur með embætti forseta Íslands, embætti landlæknis, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og fleirum að forvarnardegi forsetans. Það er árlegur viðburður í mörgum grunnskólum þar sem lögð er áhersla á forvarnir í stóru samhengi og heilsuefningu í grunnskólum landsins. Á hverju ári er eitt tiltekið forvarnarmál tekið fyrir. Á þessu ári var kastljósinnu beint að aukinni rafrettunotkun ungmenna. Forseti Íslands fór með samstarfsaðilum í Réttarholtsskóla og grunnskóla Grindavíkur nú í haust á þessum degi og ræddi hann þar við nemendur um forvarnir.


## Allir með í íþróttum

Kjörorð UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Það fallega og göfuga kjörorð nær til allar íbúa landsins, heilsu þeirra og vellíðunar, alveg óháð því hvort viðkomandi er innfæddur eða af erlendu bergi brotinn.

UMFÍ og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) ýttu í haust úr vör verkefninu **Vertu með** (sjá: <https://www.umfi.is/minar-sidur/komdu-og-vertu-med/>). Markhópur verkefnisins eru foreldrar barna af erlendum uppruna og er markmiðið að veita þeim upplýsingar um það sem íþróttafélögin bjóða börnum þeirra upp á í skipulögðu íþróttastarfi. Rannsóknir hafa einmitt sýnt að nýir íbúar aðlagast samfélögum betur í gegnum íþróttir, hvort heldur er með eigin þátttöku eða þátttöku barna þeirra. Í tengslum við verkefnið voru gefnir út bæklingar á sex tungumálum með hagnýtum upplýsingum um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins. Sem dæmi má nefna kosti þess að hreyfa sig, upplýsingar um æfingagjöld og frístundastyrki og mikilvægi þátttöku foreldra svo dæmi séu nefnd. Bæklingarnir eru á íslensku, ensku, pólsku, taílensku, litháísku og filippseyksku.

Mikilvægt er að hlúa að börnum og ungmennum. Því teljum við aðdáunarvert af stjórnvöldum að leggja fram vel ígrundaða og tímasetta aðgerðaráætlun til nokkurra ára þar sem sjónum er beint sérstaklega að ungmennum. Mikilvægt er að þetta verði ekki aðeins í orði. Látum verkin tala samfélaginu til góða og framtíðinni til heilla.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,  
Framkvæmdastjóri UMFÍ